



## FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Reykjavík, 3. janúar 2017

### Niðurstöður athugunar á stöðu regluvörslu hjá Virðingu hf.

Fjármálaeftirlitið hóf athugun á stöðu regluvörslu hjá Virðingu hf. í september 2016. Markmið athugunarinnar var að kanna hvort staða regluvörslu væri í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 995/2007 um fjárfestavernd og viðskiptahætti fjármálafyrirtækja, sbr. 2. kafla leiðbeinandi tilmæla nr. 5/2011 um stöðu og verksvið regluvörslu fjármálafyrirtækja.

Niðurstöður athugunarinnar lágu fyrir í desember 2016 og eru þær byggðar á gögnum og upplýsingum miðað við stöðuna eins og hún var á þeim tíma sem athuginin fór fram.

Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við að regluvörður félagsins hefði ekki óheftan aðgang að starfsstöð Virðingar né rauntímaaðgang að viðskiptakerfum félagsins og öðrum kerfum er tengjast verðbréfavíðskiptum sem notuð eru hjá félaginu, sbr. 6. gr. reglugerðar 995/2007, sbr. 24. og 43. töluliða í leiðbeinandi tilmælum nr. 5/2011. Fjármálaeftirlitið gerði einnig athugasemd við að félagið hefði ekki innleitt viðbúnaðaráætlun um viðbrögð félagsins ef útivistunarsamningi um regluvörslu lýkur, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 995/2007, sbr. 47. tölulið leiðbeinandi tilmæla nr. 5/2011. Þá gerði Fjármálaeftirlitið athugasemd við að regluvörður félagsins staðfesti yfirferð innri endurskoðanda, sem er eftirlitsaðili regluvörslu innan fjármálafyrirtækis, á framkvæmd innri reglna, en slíkt samræmist ekki 6. gr. reglugerðar nr. 995/2007, sbr. 15. tölulið leiðbeinandi tilmæla nr. 5/2011 né erindisbréfi regluvarðar félagsins.

Fjármálaeftirlitið setti einnig fram nokkrar ábendingar um atriði sem Fjármálaeftirlitið taldi að betur mætti fara.

Það var niðurstaða Fjármálaeftirlitsins að staða regluvörslu félagsins samræmdest að öðru leyti ákvæðum reglugerðar nr. 995/2007, sbr. leiðbeinandi tilmæli nr. 5/2011.